


Starfsáætlun safna í Húnaþingi vestra 2025-2028



Ábyrgðarmaður: Sólveig H. Benjaminsdóttir

Forstöðumaður safna í Húnaþingi vestra

Efnisyfirlit

Bóka- og héraðsskjalasafn Húnaþings vestra.....	3
Hlutverk.....	3
Verkefni safnsins.....	4
Helstu tölur Bóka- og héraðsskjalasafns 2020-2023.....	4
Nýskráningar á héraðsskjalasafni 2023.....	5
Framtíðarsýn til 2028.....	7
Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna.....	8
Hlutverk.....	8
Verkefni safnsins.....	9
Helstu tölur 2020 - 2023.....	9
Nýskráningar á Byggðasafni Húnavetninga og Strandamanna 2023.....	9
Verkefni 2024 til 2025 – Yfirferð.....	10
Framtíðarsýn til 2028.....	11

Bóka- og héraðsskjalasafn Húnaþings vestra

Hlutverk

Bóka- og héraðsskjalasafnið er upplýsingamiðstöð héraðsins. Hér á safninu er okkar hlutverk að veita gestum okkar aðgengi að þekkingu, upplýsingum og afþreyingu sem þeir sækjast eftir. Við leggjum áherslu á að öllum líði vel að heimsækja safnið og að öll upplifi sig velkomin. Hlutverk bóka- og héraðsskjalasafnsins er í rauninni margþætt og þá sérstaklega þar sem starfsemi tveggja ólíkra stofnana er rekin samhliða. En hvert er hlutverk bóka- og héraðsskjalasafnsins? Hlutverk þess er meðal annars að efla vægi læsis, menntunar og menningar í samfélaginu og varðveita héraðsbundna sögu og menningu. Menningarstofnun líkt og bóka- og héraðsskjalasafnið okkar er mikilvægur fastur punktur í samfélaginu. Hér safnast saman fólk sem vill fræðast um alla mögulega hluti, hvort sem það er á bókasafninu eða á héraðsskjalasafninu. Héraðsskjalasafnið varðveitir ómetanlegan safnkost sem mikilvægt er að varðveita fyrir samfélagið og komandi kynslóðir, má þar nefna skjalasöfn opinberra stofnanna á vegum sveitarfélagsins, opinber gögn gömlu hreppanna í Vestur-Húnavatnssýslu, fyrirtækja sem starfrækt voru á svæðinu, félagasamtaka og hin ýmsu einkaskjalasöfn.

Bóka- og héraðsskjalasafnið starfar bæði eftir bókasafnalögum frá 2012 og þar að auki lögum um opinber skjalasöfn frá 2014. Samkvæmt bókasafnalögum er bókasafnið ekki rekið í hagnaðarskygni og er hlutverk þess að „efla menningar- og vísindastarfsemi, menntun, símenntun, atvinnulíf, íslenska tungu, ánægjulestur og upplýsingarlæsi.“¹ Bókasafnið er fyrir alla, tilgangur þess er að allir einstaklingar eigi sama aðgang að menningu og þekkingu óháð samfélagsstöðu. Allir íbúar sveitarfélagsins eiga að hafa aðgang að þjónustu bókasafnsins, allir eiga að geta fundið eitthvað við sitt hæfi og leggur bókasafnið áherslu á að bókakostur þess nái til allra. Bókasafnið okkar þjónar einnig hlutverki skólabókasafns og er þess vegna upplýsingamiðstöð fyrir nemendur Grunnskóla Húnaþings vestra sem og kennara auk nemenda á efri skólástigum.

Héraðsskjalasafnið hefur önnur hlutverk. Samkvæmt lögum ber héraðsskjalasafninu skylda til að innheimta skjöl frá opinberum stofnunum til varðveislu til að tryggja íbúum sveitarfélagsins aðgengi að opinberum gögnum. Héraðsskjalasafnið aðstoðar einnig opinberar stofnanir á vegum sveitarfélagsins við skráningu og að koma skilaskyldum gögnum til varðveislu. Öllum gögnum skal skilað inn á héraðsskjalasafn sem náð hafa 30 ára aldri, en séu þau afhent fyrir er héraðsskjalasafninu heimilt að innheimta vörslugjöld. Allir einstaklingar hafa rétt til þess að skoða opinber skjöl sveitarfélagsins. En að því sögðu ber héraðsskjalasafnið einnig ábyrgð á því að takmörk séu sett á aðgengi að skjölum sem varðveitt eru með tilliti til trúnaðar og persónuverndar. Hlutverk héraðsskjalasafnsins snýr ekki eingöngu að því að varðveita opinber gögn, heldur hvílir á þeim ákveðin upplýsingaskylda. Safninu ber skylda til að aðstoða þá sem vilja nota safnið og skapa þeim aðstöðu sem þess óska. Því ber einnig skylda til að fræða notendur safnsins um skjölin, varðveislu þeirra, notkun og aðstoða við rannsóknir eins og kostur er. Megin markmið safnsins snýr að varðveislu opinberra gagna, en hinsvegar hefur skjalasafnið okkar frá fyrstu tíð tekið á móti einkaskjalasöfnum úr héraði, hvort sem þau koma frá félagasamtökum eða einstaklingum séu þau metin hafa mikilvæga þýðingu fyrir samfélagið.

Bóka- og héraðsskjalasafnið er leiðandi stofnun í að móta samfélagið og endurspeglar sífella þróun þess og breytingar. Stofnunin sem slík sinnir ekki einvörðungu lagalegum skyldum heldur hefur hún einnig tilfinningalegt gildi fyrir íbúa sveitarfélagsins. Safninu berast ár hvert fjöldi gjafa úr einkaskjalasöfnum, til dæmis úr dánarbúum, sem gefendur vilja ekki að glatist. **Nú stendur héraðsskjalasafnið andspænis vandamáli sem þarfnast brýnnar úrlausnar. Geymslurými safnsins er orðið fullt og nauðsynlegt er að finna því annað húsnæði svo safnið geti starfað áfram í þágu**

¹ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012150.html> Sótt þann 31.08.23

samfélagsins. Tilvist og starfsemi bóka- og héraðsskjalasafnsins er mikilvæg fyrir íbúa samfélagsins, því þeir treysta safninu fyrir því sem er þeim kært.

Verkefni safnsins

- Á bókasafnið er keypt inn nýtt efni, bækur og tímarit, að jafnaði einu sinni í viku allt árið um kring. Flest efni sem keypt er er til útláns á safninu.
- Á bókasafninu er haldið utan um skráningu og útlán bóka og tímarita.
- Ef bók eða tímarit glatast hjá viðskiptavini sér bókasafnið um utanumhald rukkana.
- Á héraðsskjalasafninu er haldið utan um skráningu afhendinga og útlána í sal. Einkaskjalasöfn eru aðeins lánuð í sal en fyrirtæki og opinberar stofnanir sem afhent hafa skjöl sín á safnið geta fengið sín skjöl lánuð úr húsi.
- Standa vörð um læsi.
- Standa vörð um og aðstoða við menningarstarf í samfélaginu.
- Setja upp litlar sýningar í sýningarskáp safnsins sem á einhvern hátt tengjast menningu samfélagsins, hvort sem er í nútíð eða fortíð. Sýningarnar eru oft á tíðum gerðar í samvinnu við Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna.
- Miðla menningarlegu efni til samfélagsins með fjölbreyttri miðlun á helstu samfélagsmiðlum.

Helstu tölur Bóka- og héraðsskjalasafns 2020-2023

	2023	2022	2021	2020
Fastráðnir starfsmenn	4	4	4	4
Sumarstarfsmenn	1	1	1	1
Stöðugildi	2,2 ²	2,2 ³	2,2	2,2
Meðal starfsaldur		10	9	8
Stærð húsnæðis	380 fermetrar	380 fermetrar	380 fermetrar	380 fermetrar
Fjöldi útlána á bókasafni	4353	4399	4802	4731
Fjöldi lánþega á bókasafni	277	271	- ⁴	-
þar af nemendur grunnskóla	109 ⁵	130	-	-
þar af almennir lánþegar	168	141	-	-
Fjöldi opnunardaga	240	247	250	260
Fjöldi nýskráninga á bókasafni	778	1005	691	792
Fjöldi afskráninga á bókasafni	1052	445	555	4271

² Í september 2023 fór forstöðumaður safna í 80% starfshlutfall.

³ Starfshlutfall Forstöðumanns safna deilist hlutfallslega jafnt á Bóka- og héraðsskjalasafnið og Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna.

⁴ Ekki hægt að fá samanburðartölur úr gamla bókasafnskerfinu.

⁵ Fyrsti annar bekkur tekur bækur út á bekkinn en ekki sínar eigin kennitölur.

Fjöldi nýskráninga á héraðsskjalasafni	16	18	25	30
--	----	----	----	----

Nýskráningar á héraðsskjalasafni 2023

Aðfanganúmer	Númer skjalamyndara	Gefandi
2023-1	HVH178	Símstöð Aðalbóli (Ögn Magnea Magnúsdóttir afhenti).
2023-2	HunV43	Héraðsskólinn að Reykjum (Júlíus Guðni Antonsson afhenti).
2023-3	HVH179	Kollsá (Vilhjálmur og Ólöf Kollsá).
2023-4	HVH168	Björn Jónsson (Gréta Hauksdóttir afhenti).
2023-5	HunV19	Kvennaband V-Hún (Jónína Ö.Jóhannesdóttir afhenti).
2023-6	HVH76	Kvenfélagið Freyja (Jónína Ö.Jóhannesdóttir afhenti).
2023-7	HVH73	Jónína Ögn Jóhannesdóttir.
2023-8	HVH189	Þorsteinn Baldur Helgason.
2023-9	HVH184	Margrét Ingibjörg Kjartansdóttir.
2023-10	HVH67	Guðrún Guðmundsd Melgerði (Heiðrún B.Guðmundsd afhenti).
2023-11	HVH62	Kvenfélagið Iðja (Heiðrún B.Guðmundsd afhenti).
2023-12	HunV1	Kirkjuhvammshreppur (Kristín Jóhannesdóttir afhenti).
2023-13	HVH162	Kristín Jóhannesdóttir.
2023-14	HunV39	Ferðamálafélag V-Húvetninga (Guðni Þór Ólafsson afhenti).
2023-15	HVH192	Guðný Þorsteinsdóttir.
2023-16	HVH193	Hlaðhamrar (Benjamín Kristinsson afhenti)

Eins og sjá má eru langflestar gjafir á skjalasafnið afhentar af konum, eða 75%

Verkefni ársins 2024 til 2025

- Leggja áherslu á að afla styrkja til að halda að minnsta kosti einn fræðandi viðburð sem styður við fjölmenningu, jafnrétti og læsi. Bóka- og héraðsskjalasafnið hlaut ekki styrk fyrir því verkefni frá Uppbyggingarsjóði Norðurlands vestra árið 2024 en sótt verður aftur um slíkan viðburð árið

2025. Hins vegar hlaut safnið styrk til að halda námskeið fyrir allt safnafólk á Norðurlandi vestra. Tilgangur verkefnisins er að auka samstarf safna, setra og sýninga á Norðurlandi vestra. Vonir standa til með að námskeiðið verði haldið nú í byrjun vetrar 2024 og er beðið svara frá sérfræðingum á sviði varðveislu ljósmynda m.a. varðandi tímasetningar og nákvæman kostnað.

- Árið 2024 var áætlað að vinna jafnt og þétt að grisjun bóka. Líkt og fram kemur í samantekt tölvulegra upplýsinga hér fyrir í skjalinu sést að verkefnið gekk vel. Grisjun bóka er gríðarlega vandasamt og tímafrekt verkefni og hefur safnið ákveðið verklag sem starfsmenn fylgja eftir. Í kjallara ráðhússins hefur varaeyntakassafn bókasafnsins verið til húsa í mörg ár. Tekin var sú ákvörðun nú árið 2024 að grisja safnið og gekk sú vinna vel. Auk þess berast bókasafninu margir tugir bókaþjafa á ári hverju frá íbúum héraðsins. Starfsmenn bókasafnsins fylgja ákveðnu verklagi þegar farið er yfir bókaþjafir. Ekki verður farið nákvæmlega í verklagið hér, en bókaþjafir eru yfirfarnar gaumgæfilega og metið hverju sinni hvaða bækur eiga heima inni á safni og hverjar ekki, bækur sem ekki eru skráðar inn á bókasafnið eru settar á gefins bókaþjafið okkar fyrir framan inngang bókasafnsins.
- Árið 2024 var haldið áfram að bjóða upp á gefins bækur á bókaþjafi fyrir framan safnið. Verkefnið er ávallt vinsælt. Verkefnið er í þágu endurnýtingar og umhverfisverndar, en íbúum svæðisins gefst kostur á því að eignast bækurnar áður en þær fara í endurvinnslu.
- Haldið var áfram að taka á móti hópum frá leik- og grunnskóla.
- Safnið hélt áfram að deila myndefni á facebook síðu sinni. Því er ávallt vel tekið og skapast oft á tíðum miklar umræður um myndefnið hvort sem það er á samfélagsmiðlum eða við afgreiðsluborð safnsins.
- Starfsmenn safnsins héldu áfram að skrá safnkost sinn í veflægt skráningarkerfi safnsins. Safnið hlaut styk frá Þjóðskjalasafni Íslands til að skrá og ljósmynda gögn Kvennfélaga svæðisins sem varðveitt eru á héraðsskjalasafninu. Mars Baldurs starfaði við verkefnið og tókst vel til. Við þökkum hán kærlega fyrir.
- Héraðsskjalasafnið hélt áfram samstarfi sínu við önnur héraðsskjalasöfn á Norðurlandi vestra. Öll söfnin skrá safnkost sinn í sama veflæga skráningarkerfið, Atom.
- **Bóka- og héraðsskjalasafnið þarf að vera aðgengilegt fyrir alla.** Aðgengismál er slæmt að safninu. Vonir stóðu til að unnið yrði að bættu aðgengi að safninu, og raunar að öllu húsinu að Höfðabraut 6. Sú vinna verður líklega ekki framkvæmd á þessu ári en vinna þarf áfram í málinu því um jafnréttismál er að ræða.
- Vonir stóðu til að gerði yrði skjalavistunaráætlun fyrir Bóka- og héraðsskjalasafnið. Unnið er að framkvæmd verkefnisins.
- Árið 2024 var hluti af tölvum safnsins endurnýjaður, en ekki var nægt fjárhagslegt svigrúm til að endurnýja þær allar í einu. Endurnýja þarf tölvur í afgreiðslu bókasafnsins og fyrir starfsmann skjalasafns og fjarnámsstofu. **Óskað er eftir auka fjárframlagi á lykli 2853, minniháttar tæki, árið 2025 alls 450.000. Keyptar yrðu tvær tölvur á bóka- og héraðsskjalasafnið. Önnur í afgreiðslu og hin fyrir starfsmann héraðsskjalasafnsins.**⁶
- Sótt verður um styrki fyrir námskeiðshaldi. Áætlað er að halda námskeið fyrir starfsmenn sem bætir þá í starfi.
- Sótt verður um styrk til ljósmyndunar á skjölum sem varðveitt eru á héraðsskjalasafninu. Héraðsskjalasafnið varðveitir fjölda skjala sem erindi eiga við almenning. Áhersla verður lögð á að ljósmynda og síðan birta efnið á veflegri skráningarsíðu safnsins sem og samfélagsmiðlum.

⁶ Fyrir liggur tilboð frá Advania fyrir tölvu ætlaða starfsmanni héraðsskjalasafnsins.

Framtíðarsýn til 2028

- Halda áfram að bjóða upp á fjölbreytt úrval bóka og tímarita.
- Finna þarf stærra og hentugra húsnæði fyrir varðveislurými héraðsskjalasafnsins. Núverandi aðstaða er löngu orðin of lítil og til að starfsemi safnsins haldi áfram án takmarkana þarf að stækka við það.
- Nú hefur Miðstöð héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu verið stofnuð. Lögð er áhersla á að skilað verði inn rafrænum skjalasöfnum til varðveislu.
- Vinna þarf að gerð skjalavistunaráætlana í samstarfi við opinberar stofnanir sveitarfélagsins.
- Halda áfram að miðla efni í gegnum samfélagsmiðla og óska eftir aðstoð almennings við greiningu ljósmynda. Safnið hefur á undanförunum árum notast við facebook til miðlunar og öflunar upplýsinga til dæmis við að nafngreina aðila á ljósmyndum. Það hefur komið vel út og íbúar héraðsins eru mjög áhugasamir. Með þessu móti hefur safnast saman mikið magn upplýsinga sem annars kæmu ekki fram í skráningu. Íbúar svæðisins búa yfir miklum fróðleik sem nauðsynlegt er að virkja.
- Leggja áherslu á styrkumsóknir og sækja um styrki til að hægt sé að bjóða íbúum héraðsins reglulega upp á fræðandi fyrirlestra um menningartengd efni sem tengjast nærsamfélaginu.

Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna

Hlutverk

Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna er staðsett á Reykjum í Hrútafirði og meginhlutverk þess er að varðveita efnismenningu Austur- og Vestur Húnavatnssýslu og Strandasýslu, en eins og sjá má markast starfsemi safnsins ennþá við gömlu sýslumörkin. Safnið gegnir mikilvægu hlutverki í samfélaginu og á sér langa sögu. Það var stofnað árið 1967 og er þar af leiðandi orðið ansi rótgróin stofnun. Upphafsár safnsins hafa haft mikil áhrif á starfsemi þess til dagsins í dag, en saga þess einkennist af átökum á milli ólíkra aðila sem komu að stofnun þess. Undanfarin ár hefur Húnaþing vestra annast rekstur safnsins og samhliða því hefur rekstur þess orðið einfaldari.

Hlutverk safnsins er að vinna að faglegu safnastarfi. Faglegt safnastarf einkennist af fimm hlutverkum. Það er söfnun, skráning, varðveisla, miðlun og rannsóknir. Allar þessar hliðar safnastarfs haldast í hendur og mikilvægt er að byggðasafnið geti sinnt þeim öllum. Safnið er eitt af 47 viðurkenndum söfnum á Íslandi sem staðsett eru um landið allt. Viðurkenndum söfnum eru sett ströng skilyrði er varða starfsemi sína. Svo nokkur dæmi séu tekin verður bæði sýningarrými og varðveisluaðstaða safnsins að vera þannig úr garði gerð að langtímarvarðveisla gripanna sé tryggð. Öryggiskerfi þurfa að vera í lagi, þá þarf safnið að hafa viðvörðunarkerfi vegna bruna, innbrota og raka. Safnið þarf einnig að hafa eftirlit með ljósmagni, hitastigi og rakastigi í öllum húsakynnum sínum. Safnið þarf að hafa skráningarkerfi sem uppfyllir staðla Safnaráðs um slík kerfi. Fleiri skilyrði fyrir viðurkenningu Safnaráðs má nálgast á heimasíðunni þeirra.⁷ Safnið starfar einnig eftir siðareglum ICOM⁸, sem Alþjóðaráð safna gefur út, og safnalögum frá 2011.⁹ Safnið starfar einnig eftir söfnunarstefnu sem nú er í endurskoðun.

Helsta vandamál byggðasafnsins er að því vantar varðveislurými og nú liggur á því að safnið fái slíkt rými. Í október 2022 kom forvörður á vegum Safnaráðs í eftirlitsheimsókn á safnið. Margar athugasemdir voru gerðar við núverandi varðveislurými safnsins, ef frá eru talin varðveisluaðstaða fyrir litla textílmuni. Undanfarin ár hefur byggðasafnið haft aðsetur fyrir safngripi sína í gamla Barnaskólahúsinu á Reykjum. Húsið er illa farið **en staðfest hefur verið að ef það yrði lagað myndi það henta vel sem varðveislurými. Benjamín Kristinsson, deildarstjóri byggðasafnsins, hefur lausn á því máli en óvíst er hver kostnaðurinn verður en um ódýra og hagkvæma lausn er að ræða sem starfsmenn byggðasafnsins geta unnið með leiðsögn Benjamíns. Unnið er að samantekt kostnaðar fyrir viðgerð húsnæðisins en byggðasafnið hefur hlotið styrk fyrir verkefninu frá Safnasjóði. Byggðasafnið óskar enn og aftur eftir því að fá helming barnaskólahússins til afnota sem varðveislurými og á móti vinna að viðgerð hússins fyrir styrkfé. Húsið er að eyðileggjast og engin áform eru uppi um viðgerð á því. Þess vegna er besti kosturinn fyrir alla aðila að byggðasafnið taki það upp á sína arma. Hinsvegar verður að undirstrika þá staðreynd að ef ekkert verður að gert missir byggðasafnið viðurkenningu sína frá Safnaráði sem viðurkennt safn og þar af leiðandi aðgang að Safnasjóði sem er eini sjóðurinn sem styrkir verkefnið. Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna er eina viðurkennda safn sveitarfélagsins og því væri grátlegt ef það myndi gerast.**

⁷ <https://safnarad.is/vidurkennd-sofn/skilyrði-vidurkenningar/> sótt þann 31.08.23

⁸ <https://icom.is/sidareglur/> sótt þann 8.09.23

⁹ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2011141.html> sótt þann 31.08.23

Verkefni safnsins

- Áhersla er lögð á að safnið vinni að fimm meginstoðum safnastarfs sem eru söfnun, skráning, varðveisla, miðlun og rannsóknir. Safnið leggur áherslu á menningararf samfélaganna við Húnaflóa, en um stórt og víðamikil landsvæði er að ræða sem á sér mikla og fjölbreytta sögu.
- Byggðasafnið heldur utan um kenngu fyrir Skólábúðirnar á Reykjum. En nemendur koma á safnið alls staðar að af landinu og eru þau yfir 3000 á ári hverju.
- Byggðasafnið setur upp fræðandi sýningar sem á einhvern hátt varpa ljósi á sögu og menningu samfélaganna í kring um Húnaflóa.
- Safnið skrásetur safnkost sinn í Sarp, veflægt skráningarkerfi.
- Miðla sögu og menningu safnasvæðisins með fjölbreyttum hætti á helstu samfélagsmiðlum.
- Halda fræðandi viðburði sem varpa ljósi á sögu og menningu safnasvæðisins.

Helstu tölur 2020 - 2023

	2023	2022	2021	2020
Fastráðir starfsmenn	3	3	3	3
Sumarstarfsmenn	0	0	0	0
Stöðugildi	1,8 ¹⁰	1,8	1,8	1,8
Meðal starfsaldur	10,7	9,7	8,7	7,7
Stærð húsnæðis	692 fermetrar	692 fermetrar	692 fermetrar	692 fermetrar
Fjöldi gesta	4086	4728 ¹¹	2526	2698
Þar af skólábúðanemendur	2804	3679 ¹²	2005	2157
Þar af gestir almennra gesta	1282	1049	521	541
Fjöldi auglýstra opnunardaga	92	92	92	92
Fjöldi nýrra aðfanga	59	58	117	68

Nýskráningar á Byggðasafni Húnavetninga og Strandamanna 2023

Aðfanganúmer	Fjöldi gripa	Gefandi
2023-1	1	Benjamín Kristinsson
2023-2	2	Þórdís Sigurðardóttir
2023-3	6	Reykjaskóli
2023-4	3	Dánarbú Ölmur Levy Ágústsdóttur
2023-5	2	Sveinn Kristinsson
2023-6	3	Jóhannes Jóhannesson

¹⁰ Í september 2023 fór forstöðumaður safna í 80% starfshlutfall.

¹¹ Fjöldi nemenda á tímabilinu janúar til maí er áætlaður vegna þess að byggðasafnið fékk ekki sendar tölur fyrir þetta tímabil. Fjöldi nemenda hefur mjög líklega verið ofáætlaður miðað við tölur annarra ára.

¹² Fjöldi nemenda á vegum skólábúðana fyrir tímabilið janúar til maí er áætlaður, nemendur voru um það bil 2100 á þessu tímabili. Mjög líklega hefur fjöldi nemenda verið ofáætlaður miðað við fjölda nemenda annarra ára.

2023-7	3	Jón Kr. Ólafsson
2023-8	1	Berta Hreinsdóttir
2023-9	22	Skeggi Guðmundsson
2023-10	3	Guðrún Þorsteinsdóttir
2023-11	1	Böðvar Guðmundsson
2023-12	1	Bragi Skúlason
2023-13	1	Magnús Rafnsson
2023-14	1	Björn Bjarnason
2023-15	2	Guðrún Magnúsdóttir
2023-16	1	Guðrún Blöndal
2023-17	4	Ögn Guðmundsdóttir og Benedikt Jóhannsson
2023-18	1	Bjarni Þór Einarsson
2023-19	1	Guðmundur St. Sigurðsson

Hlutfall gefenda eftir kyni er áhugavert. 31.6% gefenda voru konur, 63,2% gefenda voru karlar, 5,2% annað¹³.

Verkefni 2024 til 2025 – Yfirferð

- Árið 2025 verður lögð áhersla á að skipuleggja daglegt starf betur með verkdagbókum. Með því verður gerð tilraun til að ná betri yfirsýn yfir starfsemina.
- Árið 2023 var áætlað að fara yfir söfnunarstefnu safnsins. Áætlað var að leggja til breytingar, ef starfsmönnum sýnist þess þörf, fyrir stjórn safnsins. Breytingar á söfnunarstefnu þarf að íhuga vel, enda er um mikilvægt skjal að ræða og starfsemi safnsins öll byggð á því. Stefubreytingar á rótgróinni stofnun líkt og byggðasafninu þarf að íhuga gaumgæfilega. Byggðasafnið hefur starfað með sömu stefnu síðan söfnun hófst á meðal aðstandenda safnsins á sjötta áratug síðustu aldar. Söfnunarstefna safnsins þarf þó að endurspeglar samfélagið hverju sinni því annars er hætta á stöðnun í starfseminni. Árið 2024 verður málið tekið fyrir á stjórnarfundi ef starfsmenn safnsins telja að breytinga sé þörf.
- Árið 2023 var tekið í notkun nýtt varðveislurými safnsins sem staðsett er á lofti Svínvatnsstofu. Gripir hafa verið settir til varðveislu í rýminu. Heildarskipulag vantar þó í rýminu ennþá og þarf að íhuga vel hvaða gripir fara þangað inn með tilliti til hita og rakastigs. Gera þarf skipulegar mælingar í geymslunni áður en ákvarðanir eru teknar. Skipulagðar mælingar verða gerðar 2024-2025 og miðað við að um haustið 2025 sjáist nokkuð gott yfirlit yfir stöðu raka- og hita í rýminu.
- Undanfarin ár hefur byggðasafnið hlotið styrki frá Safnasjóði fyrir skráningu safnkosts. Byggðasafnið notast við veflæga skráningarkerfið Sarp. Skráningarvinna er tímafrek og vinna þarf að henni af kostgæfni og varkárni. Rangfærslur í skráningu hafa áhrif á heimildavinnu og upplýsingaöflun almennings og fræðimanna í framtíðinni. Vinnulag við frumskráningu í aðfangabækur hefur verið endurskoðað. Lögð er áhersla á góða skráningu þegar gripir berast safninu.
- Sýningarspjöld grunnsýningarinnar *Í héraðinu - sögur af fólki* eru í ferli. Áhersla er lögð á að klára umfjöllun um íbúa Tungunes bæjarins um leið og fjármagn fæst til prentunar á sýningunni.

¹³ Um er að ræða stofnun og dánarbú.

Bráðabirgða sýningarþjöld verða prentuð á Bóka- og héraðsskjalasafninu sem verða uppi þangað til fjármagn fæst fyrir betri prentun.

- Veturinn 2024-2025 verður unnið að „söguhólfi“ sem fjalla á um sögu Héraðsskólans á Reykjum. Söguhólfið er hluti af sýningunni *Í héraðinu – sögur af fólki*. Nú nálgast 100 ára afmæli skólans, en skólahald hófst þann 7. janúar 1931, og því ekki úr vegi að byrja að undirbúa verkefnið. **Byggðasafn Húnvetninga og Strandamanna óskar því eftir auka fjárframlagi fyrir standsetningu sýningarhólfisins. Sótt er um 500.000 kr.** Fjármagnið verður notað í standsetningu skilrúmsveggja, lagningu rafmagns og kaup á góðu sjónvarpi fyrir sýninguna þar sem ljósmyndir og skjöl úr skólastarfi geta verið til sýnis. Lögð verður áhersla á að starfsmenn byggðasafnsins vinni að byggingu söguhólfisins að lang mestu sjálfir. Með því sparast mikið fjármagn. Sýning sem þessi, þótt lítil sé, krefst mikillar heimildavinnu og sett verður af stað sérstakt söfnunaráttak í tengslum við sögu héraðsskólans. Rætt hefur verið við Þjóðháttasafnið í tengslum við verkefnið og spurningalistar eru í farvatninu sem sendir verða á fyrrum nemenda skólans þar sem tilraun verður gerð til að varpa ljósi á líf og menningu nemenda skólans. **Sótt hefur verið um styrk fyrir verkefninu en hann ekki fengist. Sótt verður aftur um styrk árið 2025.**
- Árið 2024 var haldið áfram kenningu fyrir Skólabúðirnar á Reykjum, en það er eitt af aðal verkefnum safnsins yfir vetrarmánuðina. Áframhaldandi kenningu verður árið 2025 og verður hún með sama sniði og áður.
- Árið 2024 var tekin sú ákvörðun að ljúka verkefninu *Baðstofa í beinni* og halda áfram með verkefnið *Með sunnudagskaffinu*. Verkefnið *Baðstofa í beinni* fólst í að bjóða upp á fræðandi fyrirlestra sem streymt var á facebooksíðu safnsins. Verkefnið var þungt í vöfum og hentuðu aðstæður afskaplega illa til beinnar útsendingar. Tekin var sú ákvörðun að hætta verkefninu og búnaðurinn sem keyptur var til verkefnisins var gefinn í Grunnskóla Húnaþings vestra þar sem nemendur geta nýtt sér hann. Verkefnið *Með sunnudagskaffinu* var tekið upp í staðinn, en verkefnið felst í því að haldnir eru nokkrir hefðbundnir fyrirlestrar á sunnudögum um söguleg efni. Sótt verður um styrk fyrir verkefninu fyrir árið 2025.
- Árið 2024 var áætlað að starfsmenn fái fræðslu um Heilsueflandi samfélag og hvernig innleiða eigi stefnuna í starfi safnsins. Áætlað er að halda samtalsfund með starfsmönnum Bóka- og héraðsskjalasafnsins um málið nú á haustdögum.
- Starfsmenn fái fræðslu um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og hvernig daglegt starf getur endurspeglað þau. Áætlað er að halda samtalsfund með starfsmönnum Bóka- og héraðsskjalasafnsins um málið nú á haustdögum.
- Kynna byggðasafnið betur svo fleiri geti nýtt sér það. Leggjast þarf í frekari hugmyndavinnu varðandi kynningarstarf. Árið 2024 var félagi eldri borgara í Húnaþingi vestra boðið í heimsókn á safnið. Því var vel tekið og gaman væri að bjóða eldri borgara félögum annarsstaðar af safnasvæðinu í heimsókn og kynna starfsemi safnsins.
- Áframhaldandi samstarf viðurkenndra safna á Norðurlandi vestra.

Framtíðarsýn til 2028

- Halda áfram að bjóða upp á fjölbreytta viðburði um menningartengd efni sem tengjast safnasvæðinu.
- Líkt og fyrri ár verður áhersla lögð á varðveislumál. Það er verkefni sem liggur á að leysa. Finna þarf stærra og hentugra húsnæði fyrir varðveislurými safnsins. Núverandi aðstaða er ófullnægjandi að mati Safnaráðs og til að starfsemi safnsins haldi áfram þarf fullnægjandi húsnæði. Varðveisla er ein af grunnstoðum safnastarfs. Án varðveislu getur safnið ekki

starfað. Einfaldasta lausnin er að byggðasafnið fái helming barnaskólahússins á Reykjum úthlutað sem varðveislurými. Eins og fyrr var bent á er hægt að laga húsnæðið á hagkvæman hátt og fékk Byggðasafn Húnvetninga og Strandamanna styrk til að byrja verkefnið árið 2024. Ekki hefur þó verið hægt að byrja á því m.a. vegna veikinda starfsmanna.

- Finna þarf leið til að uppfylla kröfur sem settar eru til safnsins af Safnaráði svo **safnið haldi viðurkenningu ráðsins sem viðurkennt safn. Viðurkenning Safnaráðs er forsenda þess að safnið geti sótt um styrki í Safnasjóð.**
- Vinna þarf að gerð skjalavistunaráætlunar í samstarfi við Héraðsskjalasafn Húnaþings vestra.
- Halda áfram að miðla efni í gegnum samfélagsmiðla á fjölbreyttan hátt. Klára sam
- Sækja um áframhaldandi styrki vegna skráningar. Um stórt verkefni er að ræða.
- Halda áfram að bjóða upp á sumaropnun í óbreyttri mynd. Undanfarin ár hefur byggðasafnið verið opið alla daga frá 1. júní til 31. ágúst. Heimsóknir á safnið hafa jafnt og þétt verið að aukast líkt og tölur sýna.